



29. janúar 2025

Tilv.: 2411102

Dreifibréf nr. 5/2025

Til: Verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðstöðva og rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga.

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um stöðluð eyðublöð, snið og sniðmát er varða umsóknir um starfsleyfi til að reka innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur tekið upp viðmiðunarreglur um stöðluð eyðublöð, snið og sniðmát er varða umsóknir um starfsleyfi til að reka innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni.¹ Viðmiðunarreglurnar eru settar á grundvelli reglugerðar (ESB) 2022/858 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni (DFTR)² sem innleidd er í lög nr. 56/2024 um innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni (DFT lögin). Viðmiðunarreglurnar eru gefnar út af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA).

Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsyfirvöldum og aðilum sem hyggjast sækja um starfsleyfi til að reka innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan Evrópska fjármálakerfisins, auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda framkvæmd vegna umsóknar um starfsleyfi til að reka DFT markaðsinnviði. Þá er megin markmið viðmiðunarreglnanna að innleiða stöðluð eyðublöð, snið og sniðmát vegna umsóknar um starfsleyfi til að reka DFT markaðsinnviði.

DFTR gildir um fjármálaþjónustu, nánar tiltekið viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli dreifðrar færsluskrártækni (e. distributed ledger technology) og uppgjör slíkra viðskipta. Með DFTR er komið á skipulagi til reynslu fyrir útgáfu, viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli dreifðrar færsluskrártækni (DFT-fjármálagerninga), uppgjör slíkra viðskipta og rekstur DFT-markaðsinnviða. Til DFT-markaðsinnviða teljast DFT-markaðstorg fjármálagerninga, DFT-uppgjörskerfi og DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi.³

¹ Guidelines on standard forms, formats and templates to apply for permission to operate a DLT market infrastructure: [ESMA70-460-213](#).

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB.

³ Um þegar starfandi verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða og verðbréfamiðstöðvar, svo og nýja aðila sem hyggja á rekstur DFT-markaðsinnviða, sem sækjast eftir leyfi til að nýta DFT í starfsemi sinni á grundvelli fyrirhugaðra laga fer, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga og laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, að teknu tilliti til laga um innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni.

Fjármálaeftirlitið veitir og afturkallar sértæk leyfi og undanþágur til að reka innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni skv. 5. gr. laga nr. 56/2024, sbr. einnig lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Viðmiðunarreglurnar innihalda gátlista og sniðmát vegna starfsleyfisumsókna, tilgreint er hvað slíkar umsóknir skulu innihalda og framsetningu umsóknargagna lýst. Þá er vikið að því hvernig eftirlitsyfirvöld skulu haga upplýsingamiðlun um málefni tengd DFT.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnana og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabankans mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til viðtakenda þessa dreifibréfs sem og annarra er málið varðar að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA hyggist þeir sækja um starfsleyfi til að reka DFT markaðsinnviði.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Katla Dögg Sævaldsdóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

